

Mál nr 23/2018

Ár 2019, þriðjudaginn 5. mars, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ, Síðumúla15, Reykjavík

Fyrir var tekið mál nr. 23/2018

HRFÍ

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda HRFÍ sem barst siðanefnd 21. nóvember 2018 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða X hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina A við rakkann B sem í ljós kom að tíkin var pöruð eftir 7 ára aldur og engin got skráð undan henni fyrir þann tíma hjá HRFÍ. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 29. nóvember 2018 og henni gefinn frestur til 27. desember að skila inn andmælum. Kærði nýtti sér ekki andmælarétt sinn og var henni gefinn viðbótar frestur í eina viku með bréfi dagsettu 16. janúar 2019 sem hún virti ekki heldur. Var það mat siðanefndar að kærða myndi ekki svara fyrir brotið né útskýra sitt mál á neinn hátt og ákvað siðanefnd að taka málið til úrskurðar byggt á þeim gögnum sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 24. júlí 2018 var tíkin A pöruð við rakkann B hinn 24. janúar 2017. Við pörun var tíkin orðin 7 ára og engin got skráð hjá þessari tík fyrir þann tíma samkvæmt gögnum HRFÍ. Hundarnir eru af hundakyninu American cocker spaniel og er tíkin í eigu kærðu. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærða nýtti sér ekki ítrekaðan andmælafrést sinn.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og í grein 3.5. segir:

„Ef tík er pöruð eftir 7 ára aldur skal fylgja pörunarvottorði vottorð frá dýralækni, sem staðfestir að tíkin hafi verið í líkamlega góðu ástandi fyrir pörun og geti gengið með hvolpa og alið önn fyrir þeim án þess að það komi niður á heilsu hennar. Vottorð dýralæknis má ekki vera eldra en mánaðargamalt við pörun. Para ekki tík sem er orðin 7 ára gömul hafi hún ekki átt hvolpa áður. Aldrei má para tík sem náð hefur 10 ára aldri.“

Á þeim tíma sem pörunin átti sér stað var tíkin orðin 7 ára gömul og samkvæmt gögnum HRFÍ hafði tíkin ekki átt hvolpa áður. Í ættbókarreglum HRFÍ er skírt kveðið á um að para ekki tík eftir 7 ára aldur

hafi hún ekki átt hvolpa áður. Reglan er sett með dýravelferð að leiðarljósi og ætti öllum ræktendum að vera það bæði ljúft og skylt að halda hana í heiðri.

Þá liggur það fyrir að kærða hefur áður sætt áminningu siðanefndar Kærði hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotlegur við reglur félagsins og telur siðanefnd við hæfi að áminna kærða.

IV. Niðurstaða.

Kærða X telst hafa gerst brotleg við grein 3.5 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt öðru sinni.

f.h. siðanefndar

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Fjóra Fannberg

Kristín Sveinbjarnardóttir